


# Nettengd Biblía fyrir börn

## kynnir



## Nóaflóð

Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Byron Unger; Lazarus

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Aðlagð af: M. Maillot; Tammy S.

Saga 3 af 60

[www.M1914.org](http://www.M1914.org)

*Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg, MB R3C 2G1 Canada*


Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Íslenska

Icelandic

Nói var maður sem dýrkaði Guð, en allir aðrir Vanvirtu og óhlýðnuðust Guði. Guð sagði við Nóa. "Vegna spillingar mannkynsins mun ég afmá allt líf af

jörðinni,"  
Aðeins þú og fjölskylda þín munu bjargast."




1

Guð varaði Nóa við að gífurlegt flóð mundi koma yfir alla jörðina. Og Guð sagði við Nóa. "Smíðaðu örku úr viði, bát nógu stóran fyrir fjölskyldu þína og fjölda dýra." Guð gaf Nóa nákvæm fyrirbæli. Nói hófst handa án tafar!



2



Sennilega  
hefur  
fólk

gert gys  
að Nóa þegar  
hann sagði  
þeim frá örkinni. Á  
meðan Nói hélt áfram  
að byggja, sagði hann  
fólkinu frá Guði, en  
enginn hlustaði.

3



Nói hafði mikla trú.  
Í þá daga var rigning  
óþekkt fyrirbæri, en  
Nói hafði óbifandi trú  
á Guði. Svo kom að því  
að örkin var fullsmíðuð  
og tilbúin.

4




Þá birtust öll dýrin samkvæmt kalli Guðs. Sjö af  
sumum tegundum og tvö af öðrum. Stórir og litlir  
fuglar, og dýr af öllum tegundum og stærðum  
komu um borð  
í örkinu.

5



Líklegt er að fólkið hafi gert grín að  
Nóa er hann fyllti örkinu af  
dýrum. Án þess að hafa  
nokkurn skilning á því sem  
var að ske, hélt fólkið  
áfram að syndga  
gegn Guði.

6



Loksins  
voru öll dýrin  
komin um borð  
í örkinu. Guð  
sagði við Nóa,  
"Komið þið nú,  
þú og fjölskylda  
þín í örkinu." Nói, kona  
hans, synir hans þeir og  
konur þeirra, gengu nú  
öll um borð í örkinu.

7




Þá kom hellirigning sem  
dundi yfir jörðina fjörutíu  
daga og fjörutíu nætur.  
Flóðgáttir himinsins opnuðust  
og regnið helltist yfir alla jörðina.  
Ekki hætti að rigna fyrr en öll fjöll  
voru komin í kaf. Allt sem hafði  
lífsanda dó og var afmáð af jörðinni.

8



Vatnið óx og lyfti örkinni upp á yfirborðið. Sennilegt er að það hafi verið myrkur og hálf draugalegt í örkinni, en örkin verndaði Nóa fyrir flóðinu.

9



Eftir fimm mánuði sendi Guð vind til að blása yfir jörðina. Þegar vatnið rénaði settist örkin á tinda Araratfjalls. Nói hélt kyrru fyrir í örkinni í fjörutíu daga á meðan vatnið var í rénum.

10



Nói sendi hrafn og dúfu út um glugga arkarinnar. Dúfan fann hvernig þurran stað á

jörðinni og snéri aftur til Nóa. Viku síðar reyndi Nói aftur og snéri dúfan til arkarinnar með grænt ólífuviðarblað í nefinu. Næstu viku vissi Nói að landið var orðið þurrt því dúfan kom ekki til baka.

11




Guð sagði Nóa að tími væri kominn til að yfirgefa örkina svo Nói og fjölskylda slepptu dýrunum frjálsum.

12



Nói hlýtur að hafa verið yfir sig þakklátur. Hann byggði altari og færði Guði brennifórn í þakklætisskyni fyrir að hafa bjargað sér og fjölskyldu hans frá hinu hræðilega flóði.

13



Guð lofaði Nóa að hann mundi aldrei aftur láta flóð koma yfir jörðina og tortíma öllu lífi jarðarinnar.

Sem tákni þessa loforðs setti Guð regnbogann í ský himinsins.

14

Eftir hið mikla flóð hófu Nói og fjölskylda hans nýtt líf á nýjum stað, og frá þeim og þeirra afkomendum byggðist öll jörðin. Og frá Nóa og börnum hans eru

allar þjóðir heimsins komnar.



15

## Nóaflóð

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Fyrstu Mósebók 6-10

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."  
Sálmarnir 119:130

**Guð veit** að við höfum öll gert rangt af okkur, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

**Guð elskar okkur** svo mikið að hann sendi son sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

**Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum**, segðu þá eftirfarandi til Guðs: Góði Guð, ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig nú að koma inní líf mitt og fyrirgefa syndir mínar, svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífð. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen

**Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!**